

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Nimenrix stungulyfsstofn og leysir, lausn í áfylltri sprautu
Samtengt meningókokkabóluefni, sermisgerðir A, C, W-135 og Y.

2. INNIHALDSLÝSING

Eftir blöndun inniheldur 1 skammtur (0,5 ml):

<i>Neisseria meningitidis</i> -fjölsykrung af sermisgerð A ¹	5 míkrógrömm
<i>Neisseria meningitidis</i> -fjölsykrung af sermisgerð C ¹	5 míkrógrömm
<i>Neisseria meningitidis</i> -fjölsykrung af sermisgerð W-135 ¹	5 míkrógrömm
<i>Neisseria meningitidis</i> -fjölsykrung af sermisgerð Y ¹	5 míkrógrömm
¹ samtengt stífkrampatoxóíðburðarprótein	44 míkrógrömm

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyfsstofn og leysir, lausn.
Stofninn er hvítur.
Leysirinn er tær og litlaus.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Nimenrix er ætlað til virkrar ónæmisaðgerðar hjá einstaklingum frá 6 vikna aldri gegn ífarandi meningókokkasjúkdómi af völdum *Neisseria meningitidis*, sermisgerðum A, C, W-135 og Y.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Nimenrix skal nota samkvæmt fyrirbyggjandi opinberum leiðbeiningum.

Frumbólusetning

Ungbörn frá 6 vikna aldri til yngri en 6 mánaða: gefa skal tvo skammta, 0,5 ml hvorn, með 2 mánaða millibili.

Ungbörn frá 6 mánaða aldri, börn, unglingar og fullorðnir: gefa skal stakan 0,5 ml skammt.
Hjá sumum einstaklingum gæti annar frumbólusetningarskammtur af Nimenrix verið talinn viðeigandi (sjá kafla 4.4).

Örvunarskammtar

Fyrirbyggjandi eru upplýsingar um langtíma endingu mótefna eftir bólusetningu með Nimenrix allt að 10 árum eftir bólusetningu (sjá kafla 4.4 og 5.1).

Þegar frumbólusetningu hjá ungbörnum frá 6 vikna aldri til yngri en 12 mánaða er lokið skal gefa örvunarskammt við 12 mánaða aldur þegar a.m.k. 2 mánuðir eru liðnir frá síðustu bólusetningu með Nimenrix (sjá kafla 5.1).

Hjá einstaklingum 12 mánaða og eldri sem hafa áður verið bólusettir má gefa Nimenrix sem örvunarskammt ef þeir hafa áður fengið frumbólusetningu með samtengdu eða venjulegu fjölsýkrungabóluefni gegn meningókokkum (sjá kafla 4.4 og 5.1).

Lyfjagjöf

Ónæmisaðgerð skal aðeins framkvæma með inndælingu í vöðva.

Hjá ungbörnum er ráðlagður inndælingarstaður utanvert í framanverðan lærvöðva. Hjá einstaklingum eldri en 1 árs er ráðlagður inndælingarstaður utanvert í framanverðan lærvöðva eða í axlarvöðva (sjá kafla 4.4 og 4.5).

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Nimenrix má ekki undir neinum kringumstæðum gefa í æð, í húð eða undir húð.

Það er góð klínísk venja að fara yfir sjúkrasögu fyrir bólusetningu (einkum með tilliti til fyrri bólusetninga og aukaverkana sem hugsanlega hafa komið fram) og framkvæma klíníska skoðun.

Viðeigandi læknishjálp og eftirlit skal vera til staðar ef mjög sjaldgæf bráðaofnæmisviðbrögð koma fram í kjölfar þess að bóluefnið er gefið.

Tilfallandi veikindi

Fresta skal bólusetningu með Nimenrix hjá einstaklingum sem eru bráðveikir og með háan hita. Væg sýking eins og kvef ætti ekki að verða til þess að fresta bólusetningu.

Yfirlið

Einstaklingar, sérstaklega unglingar, geta fallið í yfirlið eftir eða jafnvel fyrir hvers konar bólusetningu, vegna sálrænna viðbragða við sprautustungunni. Þessu geta fylgt nokkur taugafræðileg einkenni, svo sem tímabundnar sjóntruflanir, náladofi og þankippahreyfingar í útlimum, á meðan einstaklingurinn jafnar sig. Mikilvægt er að viðbragðsáætlun sé til staðar til að koma í veg fyrir slys vegna yfirliða.

Blóðflagnafæð og storkukvillar

Gæta skal varúðar við gjöf Nimenrix hjá einstaklingum með blóðflagnafæð eða einhvern storkukvilla þar sem blæðing getur komið fram í kjölfar inndælingar í vöðva hjá þessum einstaklingum.

Ónæmisbrestur

Búast má við að fullnægjandi ónæmissvörun náist ekki hjá sjúklingum sem fá ónæmisbælandi meðferð eða sjúklingum með skert ónæmiskerfi.

Einstaklingar með arfgengan komplementaskort (t.d. C5 eða C3 kort) og þeir sem fá meðhöndlun sem hindrar virkjun endakomplementa (terminal complement activation) (t.d. eculizumab) eru í aukinni hættu á ífarandi sjúkdómi af völdum *Neisseria meningitidis* af sermisgerðum A, C, W-135 og Y jafnvel þó þeir hafi þróað með sér mótefni í kjölfar bólusetningar með Nimenrix.

Vörn gegn meningókokkasýkingum

Nimenrix veitir aðeins vernd gegn *Neisseria meningitidis* af sermisgerðum A, C, W-135 og Y. Bóluefnið mun ekki veita vernd gegn öðrum gerðum *Neisseria meningitidis*.

Ekki er víst að verndandi ónæmissvörun náist hjá öllum sem bólusettir eru.

Áhrif fyrri bólusetningar með einföldu fjölsykra meningókokkabóluefni

Einstaklingar sem höfðu áður verið bólusettir með venjulegu fjölsykrungabóluefni gegn meningókokkum og voru bólusettir með Nimenrix 30 til 42 mánuðum síðar, höfðu lægri margfeldismeðaltalstíttra (GMT), mældan með prófi á bakteríudrepandi áhrifum með kanínukomplementi úr sermi (rSBA), en einstaklingar sem höfðu ekki verið bólusettir með neinu meningókokkabóluefni síðastliðin 10 ár (sjá kafla 5.1). Klínísk þýðing þessara niðurstaðna er ekki þekkt.

Áhrif mótefnis við stífkrampatoxóíði fyrir bólusetningu

Öryggi og ónæmingargeta Nimenrix voru metin við gjöf á eftir eða samtímis bóluefni sem inniheldur barnaveiki- og stífkrampatoxóíð, frumulausan kíghósta, deyddum mænuveikiveirum (1, 2 og 3), lifrabólgu B yfirborðs mótefnavaka og *Haemophilus influenzae* af gerð b pólýríbósýl ribósafosfati samtengdu með stífkrampatoxóíði (DTaP-HBV-IPV/Hib) á öðru aldursári. Gjöf Nimenrix einum mánuði á eftir DTaP-HBV-IPV/Hib-bóluefninu leiddi til lægri rSBA margfeldismeðaltalstíttra gegn sermisgerðum A, C og W-135 samanborið við samhliðagjöf (sjá kafla 4.5). Klínísk þýðing þessara niðurstaðna er ekki þekkt.

Ónæmissvörun hjá ungbörnum á aldrinum 6 mánaða til yngri en 12 mánaða

Stakur skammtur gefinn við 6 mánaða aldur tengdist lægri títtrum hSBA (e. human complement serum bactericidal assay) við sermisgerðum W-135 og Y í samanburði við þrjá skammta sem gefnir voru við 2, 4 og 6 mánaða aldur (sjá kafla 5.1). Klínísk þýðing þessara niðurstaðna er ekki þekkt. Ef ungbarn á aldrinum 6 mánaða til yngri en 12 mánaða er talið vera í aukinni hættu á að fá ífarandi sjúkdóm af völdum meningókokka vegna útsetningar fyrir sermisgerðum W-135 og/eða Y má íhuga að gefa annan skammt af Nimenrix eftir tvo mánuði.

Ónæmissvörun hjá smábörnum á aldrinum 12–14 mánaða

Smábörn á aldrinum 12–14 mánaða sýndu svipaða rSBA-títtra við sermisgerðum A, C, W-135 og Y einum mánuði eftir skammtinn, hvort sem um var að ræða einn skammt af Nimenrix eða tvo skammta af Nimenrix sem voru gefnir með tveggja mánaða millibili.

Stakur skammtur tengdist lægri títtrum hSBA við sermisgerðum W-135 og Y í samanburði við tvo skammta sem gefnir voru með tveggja mánaða millibili. Svipuð viðbrögð mátti sjá við sermisgerðum A og C hvort sem um var að ræða einn eða tvo skammta (sjá kafla 5.1). Klínísk þýðing þessarar niðurstöðu er ekki þekkt. Ef smábarn er talið vera í aukinni hættu á að fá ífarandi sjúkdóm af völdum meningókokka vegna útsetningar fyrir sermisgerðum W-135 og/eða Y má íhuga að gefa annan skammt af Nimenrix eftir tvo mánuði. Sjá kaflann Ending bakteríudrepandi mótefnatíttra í sermi hvað varðar minnkandi áhrif mótefna gegn sermisgerð A og sermisgerð C eftir fyrsta skammt Nimenrix hjá börnum á aldrinum 12–23 mánaða.

Ending bakteríudrepandi mótefnatíttra í sermi

Eftir gjöf Nimenrix verður lækkun á bakteríudrepandi mótefnatíttrum gegn sermisgerð A í sermi, þegar hSBA eru notuð við prófið (sjá kafla 5.1). Klínísk þýðing þessara niðurstaðna er ekki þekkt. Ef hins vegar er búist við að einstaklingur, sem fékk skammt af Nimenrix fyrir meira en u.þ.b. ári, eigi sérstaklega á hættu að verða útsettur fyrir sermisgerð A má íhuga að gefa örvunarskammt.

Lækkun mótefnatíttra hefur komið fram fyrir sermisgerðir A, C, W-135 og Y. Klínísk þýðing þessara niðurstaðna er ekki þekkt. Íhuga má gjöf örvunarskammts hjá einstaklingum sem hafa verið bólusettir sem smábörn ef enn er veruleg hætt á útsetningu fyrir sjúkdómum af völdum meningókokka af sermisgerðum A, C, W-135 eða Y (sjá kafla 5.1).

Áhrif Nimenrix á þéttni stífkrampamótefna

Þótt aukin þéttni mótefna gegn stífkrampatoxóíðum (TT) hafi komið fram í kjölfar bólusetningar með Nimenrix, kemur Nimenrix ekki í stað ónæmisaðgerðar gegn stífkrampa.

Gjöf Nimenrix með eða einum mánuði á undan bóluefni sem inniheldur stífkrampatoxóíð, á öðru aldursári, skerðir hvorki svörun við stífkrampatoxóíðum né hefur marktæk áhrif á öryggi. Engar upplýsingar liggja fyrir eftir 2 ára aldur.

Inniheldur natríum

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Hjá ungbörnum má gefa Nimenrix samhliða samsettum DTaP-HBV-IPV/Hib bóluefnum og með 10-gildu samtengdu bóluefni gegn pneumókokkum.

Frá 1 árs aldri má gefa Nimenrix samhliða öllum eftirtöldum bóluefnum: bóluefnum gegn lifrabólgu A (HAV) og lifrabólgu B (HBV), bóluefni gegn mislingum - hettusótt - rauðum hundum (MMR), bóluefni gegn mislingum - hettusótt - rauðum hundum - hlaupabólu (MMRV), 10-gildu samtengdu bóluefni gegn pneumókokkum eða bóluefni gegn árstíðabundinni influensu án ónæmisglæðis.

Á öðru aldursári má einnig gefa Nimenrix samhliða samsettum bóluefnum gegn barnaveiki – stífkrampa – kíghósta (frumulausum) (DTaP bóluefni), þ.m.t. samsettum DTaP-bóluefnum með lifrabólgu B, mænuveikiveirum (deyddum) eða *Haemophilus influenzae* af gerð b (HBV, IPV eða Hib), svo sem DTaP-HBV-IPV/Hib-bóluefni og 13-gildu samtengdu bóluefni gegn pneumókokkum.

Hjá einstaklingum á aldrinum 9 til 25 ára má gefa Nimenrix samhliða tvígildu [gerðir 16 og 18], raðbrigða bóluefni gegn mannappillomaveiru (HPV2).

Alltaf þegar hægt er, skal gefa Nimenrix og bóluefni sem inniheldur stífkrampatoxóíð, svo sem DTaP-HBV-IPV/Hib-bóluefni, samhliða eða gefa Nimenrix a.m.k. einum mánuði á undan bóluefninu sem inniheldur stífkrampatoxóíð.

Einum mánuði eftir gjöf samhliða 10-gildu, samtengdu pneumókokkabóluefni kom fram lægra margfeldismeðaltal mótefnastyrks (Geometric Mean antibody Concentration; GMC) og lægri margfeldismeðaltaltítri (GMT), mældur með opsonín-miðluðu agnaáti (opsonophagocytosis assay, OPA), fyrir eina sermisgerð pneumókokka (18C samtengt stífkrampatoxóíðburðarprótein). Klínísk þýðing þessara niðurstaðna er ekki ljós. Samhliða gjöf hafði engin áhrif á ónæmissvörun við hinum níu pneumókokkasermisgerðunum.

Einum mánuði eftir samhliða gjöf samsetts aðsogaðs bóluefnis með stífkrampatoxóíði, skertu barnaveikitoxóíði og mótefnavökum gegn kíghósta (frumulausum), (Tdap-bóluefni) hjá einstaklingum á aldrinum 9 til 25 ára, kom fram lægra margfeldismeðaltal mótefnastyrks (GMC) við hverjum kíghóstamótefnavaka (kíghóstatoxóíð [PT], þráðlaga rauðkornaflekkir (filamentous haemagglutinin [FHA]) og pertaktín [PRN]). Meira en 98% einstaklinga var með styrk PT-, FHA- eða PRN-mótefna hærri en viðmiðunarmörk mæliaðferða (assay cut-off thresholds). Klínískt mikilvægi þessara niðurstaðna er ekki þekkt. Samhliða gjöf hafði engin áhrif á ónæmissvörun við Nimenrix eða stífkrampa- eða barnaveikimótefnavökum í Tdap-bóluefninu.

Ef gefa á Nimenrix á sama tíma og annað bóluefni til inndælingar skal ávallt gefa bóluefnin á mismunandi stungustaði.

Búast má við að fullnægjandi ónæmissvörun náist ekki hjá sjúklingum í ónæmisbælandi meðferð.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Takmörkuð reynsla er af notkun Nimenrix hjá barnshafandi konum.

Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa á meðgöngu, þroska fósturvísis/fósturs, fæðingu eða þroska eftir fæðingu (sjá kafla 5.3).

Nimenrix skal aðeins nota á meðgöngu þegar brýna nauðsyn ber til og mögulegur ávinningur vegur þyngra en hugsanleg áhætta fyrir fóstrið.

Brjóstagjöf

Ekki er vitað hvort Nimenrix berst í brjóstamjól.

Nimenrix skal aðeins nota samhliða brjóstagjöf þegar mögulegur ávinningur vegur þyngra en hugsanleg áhætta.

Frjósemi

Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa á frjósemi.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum Nimenrix á hæfni til aksturs og notkunar véla. Sum áhrifin sem nefnd eru í kafla 4.8 „Aukaverkanir“ geta hins vegar haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Yfirlit yfir aukaverkanir

Öryggi Nimenrix sem fram kemur í töflunni hér fyrir neðan er byggt á tveimur gagnasettum í klínískum rannsóknum með eftirfarandi hætti:

- Samantektargreining gagna frá 9.621 einstaklingi sem fékk stakan skammt af Nimenrix. Þeirra á meðal voru 3.079 smábörn (12 mánaða til 23 mánaða), 909 börn 2 til 5 ára, 990 börn 6 til 10 ára, 2.317 unglingar (11 til 17 ára) og 2.326 fullorðnir (18 til 55 ára).
- Gögn úr rannsókn á ungbörnum 6 til 12 vikna, þegar fyrsti skammturinn var gefinn (rannsókn MenACWY-TT-083), þar sem 1.052 einstaklingar fengu minnst einn skammt af frumbólusetningaráætlun með 2 eða 3 skömmtum af Nimenrix og 1.008 fengu örvunarskammt við u.þ.b. 12 mánaða aldur.

Öryggisupplýsingar voru einnig metnar í sérstakri rannsókn þar sem stakur skammtur af Nimenrix var gefinn 274 einstaklingum 56 ára og eldri.

Staðbundnar og almennar aukaverkanir

Í aldurshópunum 6-12 vikna og 12-14 mánaða sem fengu 2 skammta af Nimenrix með 2 mánaða millibili voru staðbundin og kerfistengd viðbrögð við skömmunum tveimur svipuð.

Staðbundnar og almennar aukaverkanir með Nimenrix örvunarskammti gefinn einstaklingum frá 12 mánaða aldri til 30 ára aldurs eftir frumbólusetningu með Nimenrix eða öðrum samtengdum eða venjulegum fjölsykrungabóluefnum gegn meningókokkum voru svipaðar staðbundnum og almennum aukaverkunum sem komu fram eftir frumbólusetningu með Nimenrix, fyrir utan einkenni í meltingarfærum (meðal annars niðurgangur, uppköst og ógleði) sem voru mjög algengar meðal einstaklinga 6 ára og eldri.

Tafla yfir aukaverkanir

Aukaverkanir sem greint var frá eru taldar upp samkvæmt eftirfarandi tíðniflokkun:

Mjög algengar: ($\geq 1/10$)
 Algengar: ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)
 Sjaldgæfar: ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)
 Mjög sjaldgæfar: ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$)
 Koma örsjaldan fyrir: ($< 1/10.000$)
 Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi göngum)

Í töflu 1 koma fram aukaverkanir sem tilkynntar voru í rannsóknum með einstaklinga á aldrinum frá 6 vikna til 55 ára og eftir markaðssetningu. Aukaverkanir tilkynntar hjá einstaklingum > 55 ára voru svipaðar og þær sem komu fram hjá yngri fullorðnum.

Tafla 1: Yfirlit yfir aukaverkanir eftir líffæraflokkum

Líffæraflokkur	Tíðni	Aukaverkanir
Blóð og eitlar	Tíðni ekki þekkt***	Eitlakvilli
Ónæmiskerfi	Sjaldgæfar	Ofnæmi***
	Tíðni ekki þekkt	Bráðafnæmi***
Efnaskipti og næring	Mjög algengar	Lystarleysi
Geðræn vandamál	Mjög algengar	Pirringur
	Sjaldgæfar	Svefnleysi
		Grátur
Taugakerfi	Mjög algengar	Syfja
		Höfuðverkur
	Sjaldgæfar	Snertiskynsminnkun
		Sundl
	Mjög sjaldgæfar	Hitakrampi
Meltingarfæri	Algengar	Niðurgangur
		Uppköst
		Ógleði*
Húð og undirhúð	Sjaldgæfar	Klái
		Ofsaklái
		Útbrot**
Stoðkerfi og bandvefur	Sjaldgæfar	Vöðvaverkur
		Verkur í útlim

Líffæraflokkur	Tíðni	Aukaverkanir
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Mjög algengar	Hiti Þroti á stungustað Verkur á stungustað Roði á stungustað Þreyta
	Algengar	Margúll á stungustað*
	Sjaldgæfar	Lasleiki Herslismyndun á stungustað Kláði á stungustað Hiti á stungustað Tilfinningaleysi á stungustað
	Tíðni ekki þekkt***	Veruleg bólga í útlim við stungustað, oft ásamt roðapoti, sem stundum nær til aðliggjandi liðamóta eða bólga í öllum útlimnum sem sprautað var í.

*Ógleði og margúll á stungustað komu fram með tíðnina sjaldgæfar hjá ungbörnum

**Útbrot komu fram með tíðnina algengar hjá ungbörnum

***Aukaverkun sem kom fram eftir markaðssetningu

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtn

Aldrei hefur verið greint frá ofskömmtn.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Bóluefni, meningókokkabóluefni, ATC-flokkur: J07AH08

Verkunarháttur

Mótefni gegn hjúpi meningókokka vernda gegn sjúkdómum af völdum meningókokka, fyrir tilstilli komplementmiðlaðrar bakteríudrepandi virkni. Nimenrix örvar myndun bakteríudrepandi mótefna gegn hjúpfjölsykrungum *Neisseria meningitidis* af gerðum A, C, W-135 og Y, samkvæmt mælingum með aðferðum sem byggja á annað hvort rSBA eða hSBA.

Ónæmingargeta hjá ungbörnum

Í MenACWY-TT-083 rannsókninni var fyrsti skammturinn gefinn við 6 til 12 vikna aldur, annar 2 mánuðum seinna og þriðji skammturinn (örvunarskammtur) var gefinn við u.þ.b. 12 mánaða aldur. DTaP-HBV-IPV/Hib og 10-gilt bóluefni gegn pneumókokkum voru gefin samtímis. Nimenrix framkallaði rSBA og hSBA títra gegn öllum fjórum gerðum meningókokka eins og fram kemur í töflu 2. Svörun gegn sermisgerð C var sambærileg og kom fram með skráðu MenC-CRM og MenC-TT bóluefnunum hvað varðaði hlutfall rSBA títra ≥ 8 einum mánuði eftir annan skammtinn.

Gögn úr þessari rannsókn styðja framreikning upplýsinga um ónæmingu og skammta fyrir ungbörn frá 12 vikna aldri til yngri en 6 mánaða.

Tafla 2: rSBA og hSBA títrar eftir tvo skammta af Nimenrix (eða MenC-CRM eða MenC-TT) gefna með 2 mánaða millibili þar sem fyrsti skammturinn er gefinn ungbörnum við 6-12 mánaða aldur og eftir örvunarskammt við 12 mánaða aldur (rannsókn MenACWY-TT-083)

Sermis-gerð meningókokka	Bóluefni	Tími	rSBA*			hSBA**		
			N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
A	Nimenrix	Eftir skammt 2 ⁽¹⁾	456	97,4% (95,4; 98,6)	203 (182; 227)	202	96,5% (93,0; 98,6)	157 (131; 188)
		Eftir örvunarskammt ⁽¹⁾	462	99,6% (98,4; 99,9)	1561 (1412; 1725)	214	99,5% (97,4; 100)	1007 (836; 1214)
C	Nimenrix	Eftir skammt 2 ⁽¹⁾	456	98,7% (97,2; 99,5)	612 (540; 693)	218	98,6% (96,0; 99,7)	1308 (1052; 1627)
		Eftir örvunarskammt ⁽¹⁾	463	99,8% (98,8; 100)	1177 (1059; 1308)	221	99,5% (97,5; 100)	4992 (4086; 6100)
	MenC-CRM bóluefni	Eftir skammt 2 ⁽¹⁾	455	99,6% (98,4; 99,9)	958 (850; 1079)	202	100% (98,2; 100)	3188 (2646; 3841)
		Eftir örvunarskammt ⁽¹⁾	446	98,4% (96,8; 99,4)	1051 (920; 1202)	216	100% (98,3; 100)	5438 (4412; 6702)
	MenC-TT bóluefni	Eftir skammt 2 ⁽¹⁾	457	100% (99,2; 100)	1188 (1080; 1307)	226	100% (98,4; 100)	2626 (2219; 3109)
		Eftir örvunarskammt ⁽¹⁾	459	100% (99,2; 100)	1960 (1776; 2163)	219	100% (98,3; 100)	5542 (4765; 6446)
W	Nimenrix	Eftir skammt 2 ⁽¹⁾	455	99,1% (97,8; 99,8)	1605 (1383; 1862)	217	100% (98,3; 100)	753 (644; 882)
		Eftir örvunarskammt ⁽¹⁾	462	99,8% (98,8; 100)	2777 (2485; 3104)	218	100% (98,3; 100)	5123 (4504; 5826)
Y	Nimenrix	Eftir skammt 2 ⁽¹⁾	456	98,2% (96,6; 99,2)	483 (419; 558)	214	97,7% (94,6; 99,2)	328 (276; 390)
		Eftir örvunarskammt ⁽¹⁾	462	99,4% (99,1; 99,9)	881 (787; 986)	217	100% (98,3; 100)	2954 (2498; 3493)

Greining á ónæmingargetu var gerð á rannsóknarþýðum samkvæmt rannsóknaráætlun.

*rSBA greining gerð á rannsóknarstofum Public Health England (PHE) í Bretlandi

**hSBA greining gerð á rannsóknarstofum GSK

⁽¹⁾blóðsýni tekið 21 til 48 dögum eftir bólusetningu

Í rannsókninni MenACWY-TT-087 var ungbörnum gefinn annaðhvort stakur frumbólusetningarskammtur við 6 mánaða aldur og síðan örvunarskammtur við 15-18 mánaða aldur (DTaP-IPV/Hib og 10-gilt samtengt bóluefni gegn pneumókokkum samtímis bæði skiptin) eða þrír frumbólusetningarskammtar við 2, 4 og 6 mánaða aldur og síðan örvunarskammtur við 15-18 mánaða aldur. Með stökum frumbólusetningarskammti gefnum við 6 mánaða aldur náðust öflugir rSBA títrar gegn öllum fjórum gerðum meningókokka, samkvæmt hlutfalli einstaklinga með rSBA títra ≥ 8, sem var sambærileg svörum og eftir síðasta skammtinn í þriggja skammta frumbólusetningaráætluninni. Með örvunarskammti náðist öflug svörum, sem var sambærileg í báðum skammtahópnum, gegn öllum fjórum gerðum meningókokka. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 3.

Tafla 3: rSBA og hSBA títrar eftir stakan skammt af Nimenrix hjá ungbörnum við 6 mánaða aldur og fyrir og eftir örvunarskammt við 15-18 mánaða aldur (rannsókn MenACWY-TT-087)

Sermisgerð meningó- kokka	Tími	rSBA*			hSBA**		
		N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
A	Eftir skammt 1 ⁽¹⁾	163	98,8% (95,6; 99,9)	1333 (1035; 1716)	59	98,3% (90,9; 100)	271 (206; 355)
	Fyrir örvunars kammt	131	81,7% (74; 87,9)	125 (84,4; 186)	71	66,2% (54; 77)	20,8 (13,5; 32,2)
	Eftir örvunars kammt ⁽¹⁾	139	99,3% (96,1; 100)	2762 (2310,3; 3303)	83	100% (95,7; 100)	1416 (1140; 1758)
C	Eftir skamm t 1 ⁽¹⁾	163	99,4% (96,6; 100)	592 (482; 726)	66	100% (94,6; 100)	523 (382; 717)
	Fyrir örvunars kammt	131	65,6% (56,9; 73,7)	27,4 (20,6; 36,6)	78	96,2% (89,2; 99,2)	151 (109; 210)
	Eftir örvunars kammt ⁽¹⁾	139	99,3% (96,1; 100)	2525 (2102; 3033)	92	100% (96,1; 100)	13360 (10953; 16296)
W	Eftir skammt 1 ⁽¹⁾	163	93,9% (89; 97)	1256 (917; 1720)	47	87,2% (74,3; 95,2)	137 (78,4; 238)
	Fyrir örvunars kammt	131	77,9% (69,8; 84,6)	63,3 (45,6; 87,9)	53	100% (93,3; 100)	429 (328; 559)
	Eftir örvunars kammt ⁽¹⁾	139	100% (97,4; 100)	3145 (2637; 3750)	59	100% (93,9; 100)	9016 (7045; 11537)
Y	Eftir skammt 1 ⁽¹⁾	163	98,8% (95,6; 99,9)	1470 (1187; 1821)	52	92,3% (81,5; 97,9)	195 (118; 323)
	Fyrir örvunars kammt	131	88,5% (81,8; 93,4)	106 (76,4; 148)	61	98,4% (91,2; 100)	389 (292; 518)
	Eftir örvunars kammt ⁽¹⁾	139	100% (97,4; 100)	2749 (2301; 3283)	69	100% (94,8; 100)	5978 (4747; 7528)

Greining á ónæmingargetu var gerð á rannsóknarþýðum samkvæmt rannsóknaráætlun.

*rSBA greining gerð á rannsóknarstofum PHE í Bretlandi

**hSBA greining gerð hjá Neomed í Kanada

⁽¹⁾ blóðsýni tekið 1 mánuði eftir bólusetningu

Mælingar á hSBA títrum voru aukaendapunktur í rannsókn MenACWY-TT-087. Þótt fram hafi komið svipuð svörin við A og C gerðum með báðum skammtaáætlunum var stakur frumbólusetningarskammtur hjá ungbörnum við 6 mánaða aldur tengdur lægri hSBA títrum gegn W-135 og Y gerðum samkvæmt hlutfalli einstaklinga með hSBA títra ≥ 8 [87,2% (95% CI: 74,3; 95,2) og 92,3% (95% CI: 81,5; 97,9), í sömu röð] samanborið við þrjá frumbólusetningarskammta við 2, 4 og 6 mánaða aldur [100% (95% CI: 96,6; 100) og 100% (95% CI: 97,1; 100), í sömu röð] (sjá kafla 4.4). Eftir örvunarskammt voru hSBA títrar við öllum fjórum gerðum meningókokka sambærilegir milli þessara tveggja skammtaáætlana. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 3.

Ónæmingargeta hjá smábörnum á aldrinum 12-23 mánaða

Í klínísku rannsóknunum MenACWY-TT-039 og MenACWY-TT-040 sýndi stakur skammtur af Nimenrix rSBA títra gegn öllum fjórum gerðum meningókokka, rSBA títra af gerð C sem voru sambærilegir og komu fram með skráðu MenC-CRM-bóluefni samkvæmt hlutfalli einstaklinga með rSBA-títur ≥ 8 . Í rannsókn MenACWY-TT-039 voru hSBA títrar einnig mældir sem aukaendapunktur. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 4.

Tafla 4: SBA* títrar eftir stakan skammt af Nimenrix (eða MenC-CRM) hjá smábörnum á aldrinum 12-23 mánaða (rannsóknirnar MenACWY-TT-039/040)

Sermisgerð meningókokka	Bóluefni	Rannsókn MenACWY-TT-039 ⁽¹⁾						Rannsókn MenACWY-TT-040 ⁽²⁾		
		rSBA*			hSBA*			rSBA*		
		N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
A	Nimenrix	354	99,7% (98,4; 100)	2205 (2008; 2422)	338	77,2% (72,4; 81,6)	19,0 (16,4; 22,1)	183	98,4% (95,3; 99,7)	3170 (2577; 3899)
C	Nimenrix	354	99,7% (98,4; 100)	478 (437; 522)	341	98,5% (96,6; 99,5)	196 (175; 219)	183	97,3% (93,7; 99,1)	829 (672; 1021)
	MenC-CRM-bóluefni	121	97,5% (92,9; 99,5)	212 (170; 265)	116	81,9% (73,7; 88,4)	40,3 (29,5; 55,1)	114	98,2% (93,8; 99,8)	691 (521; 918)
W-135	Nimenrix	354	100% (99,0; 100)	2682 (2453; 2932)	336	87,5% (83,5; 90,8)	48,9 (41,2; 58,0)	186	98,4% (95,4; 99,7)	4022 (3269; 4949)
Y	Nimenrix	354	100% (99,0; 100)	2729 (2473; 3013)	329	79,3% (74,5; 83,6)	30,9 (25,8; 37,1)	185	97,3% (93,8; 99,1)	3168 (2522; 3979)

Greining á ónæmingargetu var gerð á rannsóknarþýðum samkvæmt rannsóknaráætlun.

⁽¹⁾ blóðsýni voru tekin 42 til 56 dögum eftir bólusetningu

⁽²⁾ blóðsýni voru tekin 30 til 42 dögum eftir bólusetningu

GMT (Geometric Mean Titer): Margfeldismeðaltalstítri

*SBA greiningar gerðar á rannsóknastofum GSK

Langtíma ónæmingargeta hjá smábörnum

Í rannsókninni MenACWY-TT-104 var ónæmingargeta metin eftir 1 mánuð og ending svörunar í allt að 5 ár eftir 1 eða 2 skammta (gefnir með 2 mánaða millibili) af Nimenrix hjá smábörnum á aldrinum 12 til 14 mánaða. Einum mánuði eftir skammt eitt eða skammt tvö framkallaði Nimenrix rSBA títra gegn öllum fjórum sermisgerðum meningókokka sem voru svipaðir hvað varðar hlutfall einstaklinga með rSBA títra ≥ 8 og GMT. Aukaendapunktur var mæling hSBA títra. Einum mánuði eftir einn eða tvo skammta framkallaði Nimenrix hSBA títra gegn sermisgerðum W-135 og Y sem voru hærri hvað varðar hlutfall einstaklinga með hSBA títra ≥ 8 þegar gefnir voru tveir skammtar samanborið við einn (sjá kafla 4.4). Nimenrix framkallaði hSBA títra gegn sermisgerðum A og C sem voru svipaðir hvað varðar hlutfall einstaklinga með hSBA títra ≥ 8 þegar gefnir voru tveir skammtar samanborið við einn. Á ári 5 kom eingöngu fram lítill munur á endingu mótefnis (antibody persistence) á milli eins og tveggja skammta, hvað varðar hlutfall einstaklinga með hSBA títra ≥ 8 gegn öllum sermisgerðum. Á ári 5 sáust enn mótefni gegn sermisgerðum C, W-135 og Y. Eftir einn og tvo skammta var hlutfall einstaklinga með hSBA títra ≥ 8 60,7% og 67,8% fyrir sermisgerð C, 58,9% og 63,6% fyrir sermisgerð W-135 og 61,5% og 54,2% fyrir sermisgerð Y, í sömu röð. Fyrir sermisgerð A var 27,9% og 17,9% einstaklinga sem fengu einn eða tvo skammta, í sömu röð, með hSBA títra ≥ 8 . Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 5.

Tafla 5: rSBA og hSBA títrar eftir einn eða tvo skammta af Nimenrix þar sem fyrsti skammturinn er gefinn smábörnum á aldrinum 12–14 mánaða og ending í allt að 5 ár (rannsókn MenACWY-TT-104)

Sermisgerð meningó- kokka	Nimenrix skammta- hópur	Tími ⁽¹⁾	rSBA*			hSBA**		
			N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
A	1 skammtur	Eftir 1. skammt	180	97,8% (94,4; 99,4)	1437 (1118; 1847)	74	95,9% (88,6; 99,2)	118 (86,8; 161)
		Ár 1	167	63,5% (55,7; 70,8)	62,7 (42,6; 92,2)	70	35,1% (25,9; 49,5)	6,1 (4,1; 8,9)
		Ár 3	147	46,9% (38,7; 55,3)	29,7 (19,8; 44,5)	55	36,4% (23,8; 50,4)	5,8 (3,8; 8,9)
		Ár 5	133	58,6% (49,8; 67,1)	46,8 (30,7; 71,5)	61	27,9% (17,1; 40,8)	4,4 (3,1; 6,2)
	2 skammtar	Eftir 1. skammt	158	96,8% (92,8; 99,0)	1275 (970; 1675)	66	97,0% (89,5; 99,6)	133 (98,1; 180)
		Eftir 2. skammt	150	98,0% (94,3; 99,6)	1176 (922; 1501)	66	97,0% (89,5; 99,6)	170 (126; 230)
		Ár 1	143	70,6% (62,4; 77,9)	76,6 (50,7; 115,7)	62	35,5% (23,7; 48,7)	6,4 (4,2; 10,0)
		Ár 3	121	54,5% (45,2; 63,6)	28,5 (18,7; 43,6)	50	36,0% (22,9; 50,8)	5,4 (3,6; 8,0)
		Ár 5	117	65,8% (56,5; 74,3)	69,9 (44,7; 109,3)	56	17,9% (8,9; 30,4)	3,1 (2,4; 4,0)
	C	Eftir 1. skammt	179	95,0% (90,7; 97,7)	452 (346; 592)	78	98,7% (93,1; 100)	152 (105; 220)
		Ár 1	167	49,1% (41,3; 56,9)	16,2 (12,4; 21,1)	71	81,7% (70,7; 89,9)	35,2 (22,5; 55,2)
		Ár 3	147	35,4% (27,7; 43,7)	9,8 (7,6; 12,7)	61	65,6% (52,3; 77,3)	23,6 (13,9; 40,2)
		Ár 5	132	20,5% (13,9; 28,3)	6,6 (5,3; 8,2)	61	60,7% (47,3; 72,9)	18,1 (10,9; 30,0)
		Eftir 1. skammt	157	95,5% (91,0; 98,2)	369 (281; 485)	70	95,7% (88,0; 99,1)	161 (110; 236)
		Eftir 2. skammt	150	98,7% (95,3; 99,8)	639 (522; 783)	69	100% (94,8; 100)	1753 (1278; 2404)
		Ár 1	143	55,2% (46,7; 63,6)	21,2 (15,6; 28,9)	63	93,7% (84,5; 98,2)	73,4 (47,5; 113,4)
		Ár 3	121	33,9% (25,5; 43,0)	11,5 (8,4; 15,8)	56	67,9% (54,0; 79,7)	27,0 (15,6; 46,8)
		Ár 5	116	28,4% (20,5; 37,6)	8,5 (6,4; 11,2)	59	67,8% (54,4; 79,4)	29,4 (16,3; 52,9)

Sermisgerð meningó- kokka	Nimenrix skammta- hópur	Tími ⁽¹⁾	rSBA*			hSBA**		
			N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
W-135	1 skammtur	Eftir 1. skammt	180	95,0% (90,8; 97,7)	2120 (1601; 2808)	72	62,5% (50,3; 73,6)	27,5 (16,1; 46,8)
		Ár 1	167	65,3% (57,5; 72,5)	57,2 (39,9; 82,0)	72	95,8% (88,3; 99,1)	209,0 (149,9; 291,4)
		Ár 3	147	59,2% (50,8; 67,2)	42,5 (29,2; 61,8)	67	71,6% (59,3; 82,0)	30,5 (18,7; 49,6)
		Ár 5	133	44,4% (35,8; 53,2)	25,0 (16,7; 37,6)	56	58,9% (45,0; 71,9)	20,8 (11,6; 37,1)
	2 skammtar	Eftir 1. skammt	158	94,9% (90,3; 97,8)	2030 (1511; 2728)	61	68,9% (55,7; 80,1)	26,2 (16,0; 43,0)
		Eftir 2. skammt	150	100% (97,6; 100)	3533 (2914; 4283)	70	97,1% (90,1; 99,7)	757 (550; 1041)
		Ár 1	143	77,6% (69,9; 84,2)	123 (82,7; 183)	65	98,5% (91,7; 100,0)	232,6 (168,3; 321,4)
		Ár 3	121	72,7% (63,9; 80,4)	92,9 (59,9; 144)	54	87,0% (75,1; 94,6)	55,5 (35,3; 87,1)
		Ár 5	117	50,4% (41,0; 59,8)	37,1 (23,3; 59,0)	44	63,6% (47,8; 77,6)	19,5 (10,7; 35,2)
Y	1 skammtur	Eftir 1. skammt	180	92,8% (88,0; 96,1)	952 (705; 1285)	71	67,6% (55,5; 78,2)	41,2 (23,7; 71,5)
		Ár 1	167	73,1% (65,7; 79,6)	76,8 (54,2; 109,0)	62	91,9% (82,2; 97,3)	144 (97,2; 214,5)
		Ár 3	147	61,9% (53,5; 69,8)	58,0 (39,1; 86,0)	64	53,1% (40,2; 65,7)	17,3 (10,1; 29,6)
		Ár 5	133	47,4% (38,7; 56,2)	36,5 (23,6; 56,2)	65	61,5% (48,6; 73,3)	24,3 (14,3; 41,1)
	2 skammtar	Eftir 1. skammt	157	93,6% (88,6; 96,9)	933 (692; 1258)	56	64,3% (50,4; 76,6)	31,9 (17,6; 57,9)
		Eftir 2. skammt	150	99,3% (96,3; 100)	1134 (944; 1360)	64	95,3% (86,9; 99,0)	513 (339; 775)
		Ár 1	143	79,7% (72,2; 86,0)	112,3 (77,5; 162,8)	58	87,9% (76,7; 95,0)	143,9 (88,5; 233,8)
		Ár 3	121	68,6% (59,5; 76,7)	75,1 (48,7; 115,9)	52	61,5% (47,0; 74,7)	24,1 (13,3; 43,8)
		Ár 5	117	58,1% (48,6; 67,2)	55,8 (35,7; 87,5)	48	54,2% (39,2; 68,6)	16,8 (9,0; 31,3)

Greining á ónæmingargetu var gerð á rannsóknarþýði samkvæmt rannsóknaráætlun.

⁽¹⁾ blóðsýni voru tekin 21 til 48 dögum eftir bólusetningu

*rSBA greining gerð á rannsóknastofum PHE

**hSBA greining gerð á rannsóknarstofum GSK

rSBA og hSBA títrar voru ákvarðaðir á 10 ára tímabili hjá börnum sem fengu frumbólusetningu með einum skammti af Nimenrix eða MenC-CRM á aldrinum 12 til 23 mánaða í rannsókninni MenACWY-TT-027. Ending SBA títra var metin í tveimur framhaldsrannsóknum: MenACWY-TT-032 (í allt að 5 ár) og MenACWY-TT-100 (í allt að 10 ár). Í rannsókn MenACWY-TT-100 var einnig metin svörun við stökum örvunarskammti af Nimenrix 10 árum eftir frumbólusetningu með Nimenrix eða MenC-CRM. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 6 (sjá kafla 4.4).

Tafla 6: rSBA og hSBA títrar eftir stakan skammt af Nimenrix (eða MenC-CRM) hjá smábörnum á aldrinum 12-23 mánaða, ending í allt að 10 ár og eftir örvunarskammt gefinn 10 árum eftir frumbólusetningu (rannsóknir MenACWY-TT-027/032/100)

Sermis-gerð meningo kokka	Bóluefni	Tími	rSBA*			hSBA**		
			N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
A	Nimenrix	Mánuður 1 ⁽¹⁾	222	100% (98,4; 100)	3707 (3327; 4129)	217	91,2% (86,7; 94,6)	59,0 (49,3; 70,6)
		Ár 4 ⁽²⁾	45	64,4% (48,8; 78,1)	35,1 (19,4; 63,4)	44	52,3% (36,7; 67,5)	8,8 (5,4; 14,2)
		Ár 5 ⁽²⁾	49	73,5% (58,9; 85,1)	37,4 (22,1; 63,2)	45	35,6% (21,9; 51,2)	5,2 (3,4; 7,8)
		Ár 10 ⁽³⁾ (Fyrir örvunarskammt)	62	66,1% (53,0; 77,7)	28,9 (16,4; 51,0)	59	25,4% (15,0; 38,4)	4,2 (3,0; 5,9)
		(Eftir örvunarskammt) ^(3,4)	62	98,4% (91,3; 100)	5122 (3726; 7043)	62	100% (94,2; 100)	1534 (1112; 2117)
C	Nimenrix	Mánuður 1 ⁽¹⁾	220	100% (98,3; 100)	879 (779; 991)	221	99,1% (96,8; 99,9)	190 (165; 219)
		Ár 4 ⁽²⁾	45	97,8% (88,2; 99,9)	110 (62,7; 192)	45	97,8% (88,2; 99,9)	370 (214; 640)
		Ár 5 ⁽²⁾	49	77,6% (63,4; 88,2)	48,9 (28,5; 84,0)	48	91,7% (80,0; 97,7)	216 (124; 379)
		Ár 10 ⁽³⁾ (Fyrir örvunarskammt)	62	82,3% (70,5; 90,8)	128 (71,1; 231)	60	91,7% (81,6; 97,2)	349 (197; 619)
		(Eftir örvunarskammt) ^(3,4)	62	100% (94,2; 100)	7164 (5478; 9368)	59	100% (93,9; 100)	33960 (23890; 48274)
	MenC-CRM-bóluefni	Mánuður 1 ⁽¹⁾	68	98,5% (92,1; 100)	415 (297; 580)	68	72,1% (59,9; 82,3)	21,2 (13,9; 32,3)
		Ár 4 ⁽²⁾	10	80,0% (44,4; 97,5)	137 (22,6; 832)	10	70,0% (34,8; 93,3)	91,9 (9,8; 859)
		Ár 5 ⁽²⁾	11	63,6% (30,8; 89,1)	26,5 (6,5; 107)	11	90,9% (58,7; 99,8)	109 (21,2; 557)
		Ár 10 ⁽³⁾ (Fyrir örvunarskammt)	16	87,5% (61,7; 98,4)	86,7 (29,0; 259)	15	93,3% (68,1; 99,8)	117 (40,0; 344)
		(Eftir örvunarskammt) ^(3,4)	16	100% (79,4; 100)	5793 (3631; 9242)	15	100% (78,2; 100)	42559 (20106; 90086)

Sermis-gerð meningó kokka	Bóluefni	Tími	rSBA*			hSBA**		
			N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
W-135	Nimenrix	Mánuður 1 ⁽¹⁾	222	100% (98,4; 100)	5395 (4870; 5976)	177	79,7% (73,0; 85,3)	38,8 (29,7; 50,6)
		Ár 4 ⁽²⁾	45	60,0% (44,3; 74,3)	50,8 (24,0; 108)	45	84,4% (70,5; 93,5)	76,9 (44,0; 134)
		Ár 5 ⁽²⁾	49	34,7% (21,7; 49,6)	18,2 (9,3; 35,3)	46	82,6% (68,6; 92,2)	59,7 (35,1; 101)
		Ár 10 ⁽³⁾ (Fyrir örvunarskammt)	62	30,6% (19,6; 43,7)	15,8 (9,1; 27,6)	52	44,2% (30,5; 58,7)	7,7 (4,9; 12,2)
		(Eftir örvunarskammt) ^(3,4)	62	100% (94,2; 100)	25911 (19120; 35115)	62	100% (94,2; 100)	11925 (8716; 16316)
Y	Nimenrix	Mánuður 1 ⁽¹⁾	222	100% (98,4; 100)	2824 (2529; 3153)	201	66,7% (59,7; 73,1)	24,4 (18,6; 32,1)
		Ár 4 ⁽²⁾	45	62,2% (46,5; 76,2)	44,9 (22,6; 89,3)	41	87,8% (73,8; 95,9)	74,6 (44,5; 125)
		Ár 5 ⁽²⁾	49	42,9% (28,8; 57,8)	20,6 (10,9; 39,2)	45	80,0% (65,4; 90,4)	70,6 (38,7; 129)
		Ár 10 ⁽³⁾ (Fyrir örvunarskammt)	62	45,2% (32,5; 58,3)	27,4 (14,7; 51,0)	56	42,9% (29,7; 56,8)	9,1 (5,5; 15,1)
		(Eftir örvunarskammt) ^(3,4)	62	98,4% (91,3; 100)	7661 (5263; 11150)	61	100% (94,1; 100)	12154 (9661; 15291)

Greining á ónæmingargetu var gerð hjá rannsóknarþýðinu samkvæmt rannsóknaráætlun fyrir 1 mánuð og 5 ár eftir bólusetningu og hjá rannsóknarþýðinu sem fékk örvunarskammt samkvæmt rannsóknaráætlun.

Einstaklingar með lélega svörun gegn sermisgerð meningókokka C (skilgreind sem lægri SBA títri en fyrirfram skilgreind viðmiðunarmörk mæliaðferða) áttu að fá viðbótarskammt af MenC bóluefni fyrir 6. árið. Þessir einstaklingar voru útilokaðir frá greiningunni fyrir 4. og 5. árið en teknir með í greininguna fyrir 10. árið.

(1) Rannsókn MenACWY-TT-027

(2) Rannsókn MenACWY-TT-032

(3) Rannsókn MenACWY-TT-100

(4) Blóðsýni voru tekin 1 mánuði eftir gjöf örvunarskammts 10. árið.

*rSBA greining gerð á rannsóknarstofum GSK í 1 mánuð eftir frumbólusetningarprófi og hjá PHE rannsóknastofum í Bretlandi fyrir síðari prófanátíma.

**hSBA greining gerð á rannsóknastofum GSK og hjá Neomed í Kanada fyrir tímapunnta í rannsókn MenACWY-TT-100.

Ending svörunar við örvunarskammti

Í rannsókninni MenACWY-TT-102 var metin ending SBA títra í allt að 6 ár eftir örvunarskammt af Nimenrix eða MenC-CRM₁₉₇ sem gefinn var í rannsókn MenACWY-TT-048 hjá börnum sem fengu upphaflega sama bóluefnið við 12 til 23 mánaða aldur í rannsókn MenACWY-TT-039. Stakur örvunarskammtur var gefinn 4 árum eftir frumbólusetningu. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 7 (sjá kafla 4.4).

Tafla 7: rSBA ogd hSBA títrar eftir stakan skammt af Nimenrix (eða MenC-CRM) hjá smábörnum á aldrinum 12-23 mánaða, ending eftir 4 ár og svörun eftir örvunarskammt gefinn 4 árum eftir frumbólusetningu og ending allt að 6 árum eftir örvunarskammt (rannsóknir MenACWY-TT-039/048/102)

Sermisgerð meningók okka	Bóluefni	Tími	rSBA*			hSBA**		
			N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
A	Nimenrix	Mánuður 1 ⁽¹⁾	354	99,7% (98,4; 100,0)	2205 (2008; 2422)	338	77,2% (72,4; 81,6)	19,0 (16,4; 22,1)
		Ár 4 ⁽²⁾ (Fyrir Nimenrix örvunarskammt)	212	74,5% (68,1; 80,2)	112 (80,3; 156)	187	28,9% (22,5; 35,9)	4,8 (3,9; 5,9)
		(Eftir örvunarskammt) ⁽²⁾ _{,3)}	214	100,0% (98,3; 100,0)	7173 (6389; 8054)	202	99,5% (97,3; 100,0)	1343 (1119; 1612)
		5 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	137	89,8% (83,4; 94,3)	229 (163; 322)	135	53,3% (44,6; 62,0)	13,2 (9,6; 18,3)
		6 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	134	92,5% (86,7; 96,4)	297 (214; 413)	130	58,5% (49,5; 67,0)	14,4 (10,5; 19,7)
C	Nimenrix	Mánuður 1 ⁽¹⁾	354	99,7% (98,4; 100,0)	478 (437; 522)	341	98,5% (96,6; 99,5)	196 (175; 219)
		Ár 4 ⁽²⁾ (Fyrir Nimenrix örvunarskammt)	213	39,9% (33,3; 46,8)	12,1 (9,6; 15,2)	200	73,0% (66,3; 79,0)	31,2 (23,0; 42,2)
		(Eftir örvunarskammt) ⁽²⁾ _{,3)}	215	100,0% (98,3; 100,0)	4512 (3936; 5172)	209	100,0% (98,3; 100,0)	15831 (13626; 18394)
		5 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	137	80,3% (72,6; 86,6)	66,0 (48,1; 90,5)	136	99,3% (96,0; 100,0)	337 (261; 435)
		6 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	134	71,6% (63,2; 79,1)	39,6 (28,6; 54,6)	130	97,7% (93,4; 99,5)	259 (195; 345)
	MenC- CRM bóluefni	Mánuður 1 ⁽¹⁾	121	97,5% (92,9; 99,5)	212 (170; 265)	116	81,9% (73,7; 88,4)	40,3 (29,5; 55,1)
		Ár 4 ⁽²⁾ (Fyrir MenC- CRM ₁₉₇ örvunarskammt)	43	37,2% (23,0; 53,3)	14,3 (7,7; 26,5)	31	48,4% (30,2; 66,9)	11,9 (5,1; 27,6)
		(Eftir örvunarskammt) ⁽²⁾ _{,3)}	43	100,0% (91,8; 100,0)	3718 (2596; 5326)	33	100,0% (89,4; 100,0)	8646 (5887; 12699)
		5 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	23	78,3% (56,3; 92,5)	47,3 (19,0; 118)	23	100,0% (85,2; 100,0)	241 (139; 420)
		6 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	23	65,2% (42,7; 83,6)	33,0 (14,7; 74,2)	23	95,7% (78,1; 99,9)	169 (94,1; 305)
W-135	Nimenrix	Mánuður 1 ⁽¹⁾	354	100% (99,0; 100,0)	2682 (2453; 2932)	336	87,5% (83,5; 90,8)	48,9 (41,2; 58,0)
		Ár 4 ⁽²⁾ (Fyrir Nimenrix örvunarskammt)	213	48,8% (41,9; 55,7)	30,2 (21,9; 41,5)	158	81,6% (74,7; 87,3)	48,3 (36,5; 63,9)
		(Eftir örvunarskammt) ⁽²⁾ _{,3)}	215	100,0% (98,3; 100,0)	10950 (9531; 12579)	192	100,0% (98,1; 100,0)	14411 (12972; 16010)
		5 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	137	88,3% (81,7; 93,2)	184 (130; 261)	136	100,0% (97,3; 100,0)	327 (276; 388)
		6 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	134	85,8% (78,7; 91,2)	172 (118; 251)	133	98,5% (94,7; 99,8)	314 (255; 388)

Sermisgerð meningók okka	Bóluefni	Tími	rSBA*			hSBA**		
			N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
Y	Nimenrix	Mánuður 1 ⁽¹⁾	354	100% (99,0; 100,0)	2729 (2473; 3013)	329	79,3% (74,5; 83,6)	30,9 (25,8; 37,1)
		Ár 4 ⁽²⁾ (Fyrir Nimenrix örvunarskammt)	213	58,2% (51,3; 64,9)	37,3 (27,6; 50,4)	123	65,9% (56,8; 74,2)	30,2 (20,2; 45,0)
		(Eftir örvunarskammt) ⁽²⁾ ,3)	215	100,0% (98,3; 100,0)	4585 (4129; 5093)	173	100,0% (97,9; 100,0)	6776 (5961; 7701)
		5 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	137	92,7% (87,0; 96,4)	265 (191; 368)	137	97,8% (93,7; 99,5)	399 (321; 495)
		6 ár eftir örvunarskammt ⁽⁴⁾	134	94,0% (88,6; 97,4)	260 (189; 359)	131	97,7% (93,5; 99,5)	316 (253; 394)

Greining á ónæmingargetu var gerð á rannsóknarþýðinu samkvæmt rannsóknaráætlun á hverjum tímapunkti.

- (1) Rannsókn MenACWY-TT-039
- (2) Rannsókn MenACWY-TT-048
- (3) Blóðsýni voru tekin 1 mánuði eftir gjöf örvunarskammts 4. árið.
- (4) Rannsókn MenACWY-TT-102

*rSBA greining gerð á rannsóknastofum GSK í 1 mánuð eftir frumbólusetningarprófi og hjá PHE í Bretlandi fyrir síðari prófanatíma.

**hSBA greining gerð á rannsóknarstofum GSK og hjá Neomed í Kanada fyrir tímapunkta í rannsókn MenACWY-TT-102.

Ónæmingargeta hjá börnum á aldrinum 2-10 ára

Í rannsókninni MenACWY-TT-081 var sýnt fram á að stakur skammtur af Nimenrix væri ekki síðra en annað skráð MenC-CRM-bóluefni hvað varðar bóluefnasvörun við sermisgerð C [94,8% (95% CI: 91,4; 97,1) og 95,7% (95% CI: 89,2; 98,8), í sömu röð]. Margfeldis meðaltalstítri (GMT) var lægri fyrir hópinn sem fékk Nimenrix [2795 (95% CI: 2393; 3263)] samanborið við MenC-CRM-bóluefnið [5292 (95% CI: 3815; 7340)].

Í rannsókninni MenACWY-TT-038 var sýnt fram á að stakur skammtur af Nimenrix væri ekki síðra en skráða ACWY-PS-bóluefnið hvað varðar bóluefnasvörun við meningókokka sermisgerðunum fjórum eins og sýnt er í töflu 8.

Tafla 8: rSBA* títrar eftir stakan skammt af Nimenrix (eða ACWY-PS) hjá börnum á aldrinum 2-10 ára (rannsókn MenACWY-TT-038)

Sermis- gerð meningók okka	Nimenrix ⁽¹⁾			ACWY-PS-bóluefni ⁽¹⁾		
	N	Svörun við bóluefni (95% CI)	GMT (95% CI)	N	Svörun við bóluefni (95% CI)	GMT (95% CI)
A	594	89,1% (86,3; 91,5)	6343 (5998; 6708)	192	64,6% (57,4; 71,3)	2283 (2023; 2577)
C	691	96,1% (94,4; 97,4)	4813 (4342; 5335)	234	89,7% (85,1; 93,3)	1317 (1043; 1663)
W-135	691	97,4% (95,9; 98,4)	11543 (10873; 12255)	236	82,6% (77,2; 87,2)	2158 (1815; 2565)
Y	723	92,7% (90,5; 94,5)	10825 (10233; 11452)	240	68,8% (62,5; 74,6)	2613 (2237; 3052)

Greining á ónæmingargetu var gerð á rannsóknarþýðinu samkvæmt rannsóknaráætlun.

⁽¹⁾ Blóðsýni voru tekin 1 mánuði eftir bólusetningu

Svörun við bóluefni skilgreind sem hlutfall einstaklinga með:

- rSBA títri ≥ 32 fyrir einstaklinga sem voru sermisneikvæðir í upphafi (þ.e. rSBA títri < 8 fyrir bólusetningu)
- a.m.k. 4-földun á rSBA títra frá því fyrir og þar til eftir bólusetningu fyrir einstaklinga sem voru sermisjálkvæðir í upphafi (þ.e. rSBA títri ≥ 8 fyrir bólusetningu)

*rSBA greining gerð á rannsóknastofum GSK

Ending SBA títra var metin hjá börnum sem voru bólusettt í upphafi í rannsókn MenACWY-TT-081 eins og sýnt er í töflu 9 (sjá kafla 4.4).

Tafla 9: rSBA og hSBA títrar allt að 44 mánuðum eftir gjöf Nimenrix (eða MenC-CRM) hjá börnum á aldrinum 2-10 ára við bólusetninguna (rannsókn MenACWY-TT-088)

Sermis-gerð meningó kokka	Bóluefni	Tími (mán.)	rSBA*			hSBA**		
			N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
A	Nimenrix	32	193	86,5% (80,9; 91,0)	196 (144; 267)	90	25,6% (16,9; 35,8)	4,6 (3,3; 6,3)
		44	189	85,7% (79,9; 90,4)	307 (224; 423)	89	25,8% (17,1; 36,2)	4,8 (3,4; 6,7)
C	Nimenrix	32	192	64,6% (57,4; 71,3)	34,8 (26,0; 46,4)	90	95,6% (89,0; 98,8)	75,9 (53,4; 108)
		44	189	37,0% (30,1; 44,3)	14,5 (10,9; 19,2)	82	76,8% (66,2; 85,4)	36,4 (23,1; 57,2)
	MenC-CRM bóluefni	32	69	76,8% (65,1; 86,1)	86,5 (47,3; 158)	33	90,9% (75,7; 98,1)	82,2 (34,6; 196)
		44	66	45,5% (33,1; 58,2)	31,0 (16,6; 58,0)	31	64,5% (45,4; 80,8)	38,8 (13,3; 113)
W-135	Nimenrix	32	193	77,2% (70,6; 82,9)	214 (149; 307)	86	84,9% (75,5; 91,7)	69,9 (48,2; 101)
		44	189	68,3% (61,1; 74,8)	103 (72,5; 148)	87	80,5% (70,6; 88,2)	64,3 (42,7; 96,8)
Y	Nimenrix	32	193	81,3% (75,1; 86,6)	227 (165; 314)	91	81,3% (71,8; 88,7)	79,2 (52,5; 119)
		44	189	62,4% (55,1; 69,4)	78,9 (54,6; 114)	76	82,9% (72,5; 90,6)	127 (78,0; 206)

Greining á ónæmingargetu var gerð á rannsóknarþýðinu samkvæmt rannsóknaráætlun til mælinga á endingu á hverjum tíma.

*rSBA greining gerð hjá PHE rannsóknastofum í Bretlandi

**hSBA greining gerð á rannsóknastofum GSK

Ending hSBA títra var metin 1 ári eftir bólusetningu hjá börnum á aldrinum 6-10 ára sem voru bólusettt í upphafi í rannsókn MenACWY-TT-027 (tafla 10) (sjá kafla 4.4).

Tafla 10: hSBA* títrar eftir stakan skammt af Nimenrix (eða ACWY-PS) hjá börnum á aldrinum 6-10 ára og ending 1 ári eftir bólusetningu (rannsóknir MenACWY-TT-027/028)

Sermis-gerð meningó kokka	Bóluefni	1 mánuði eftir bólusetningu (rannsókn MenACWY-TT-027)			Ending eftir 1 ár (rannsókn MenACWY-TT-028)		
		N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
A	Nimenrix	105	80,0 % (71,1; 87,2)	53,4 (37,3; 76,2)	104	16,3% (9,8; 24,9)	3,5 (2,7; 4,4)
	ACWY-PS bóluefni	35	25,7% (12,5; 43,3)	4,1 (2,6; 6,5)	35	5,7% (0,7; 19,2)	2,5 (1,9; 3,3)
C	Nimenrix	101	89,1% (81,3; 94,4)	156 (99,3; 244)	105	95,2% (89,2; 98,4)	129 (95,4; 176)
	ACWY-PS bóluefni	38	39,5% (24,0; 56,6)	13,1 (5,4; 32,0)	31	32,3% (16,7; 51,4)	7,7 (3,5; 17,3)
W-135	Nimenrix	103	95,1% (89,0; 98,4)	133 (99,9; 178)	103	100% (96,5; 100)	257 (218; 302)
	ACWY-PS bóluefni	35	34,3% (19,1; 52,2)	5,8 (3,3; 9,9)	31	12,9% (3,6; 29,8)	3,4 (2,0; 5,8)
Y	Nimenrix	89	83,1% (73,7; 90,2)	95,1 (62,4; 145)	106	99,1% (94,9; 100)	265 (213; 330)
	ACWY-PS bóluefni	32	43,8% (26,4; 62,3)	12,5 (5,6; 27,7)	36	33,3% (18,6; 51,0)	9,3 (4,3; 19,9)

Greining á ónæmingargetu var gerð á rannsóknarþýðinu samkvæmt rannsóknaráætlun fyrir endingu eftir 1 ár.

hSBA greining var ekki gerð hjá börnum á aldrinum 2 til < 6 ára (á bólusetningartímanum).

*hSBA greining gerð á rannsóknastofum GSK

SBA títrar voru ákvarðaðir á 10 ára tímabili hjá börnum sem fengu frumbólusetningu með einum skammti af Nimenrix eða ACWY-PS á aldrinum 2 til 10 ára í rannsókninni MenACWY-TT-027. Ending SBA títra var metin í tveimur framhaldsrannsóknum: MenACWY-TT-032 (í allt að 5 ár) og MenACWY-TT-100 (í allt að 10 ár). Í rannsókn MenACWY-TT-100 var einnig metin svörun við stökum örvunarskammti af Nimenrix 10 árum eftir frumbólusetningu með Nimenrix eða ACWY-PS. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 11 (sjá kafla 4.4).

Tafla 11: rSBA og hSBA títrar eftir stakan skammt af Nimenrix (eða ACWY-PS) hjá börnum á aldrinum 2-10 ára, ending í allt að 10 ár og eftir örvunarskammt gefinn 10 árum eftir frumbólusetningu (rannsóknir MenACWY-TT-027/032/100)

Sermisgerð meningóko kka	Bóluefni	Tími	rSBA*			hSBA**		
			N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)	N	≥ 8 (95% CI)	GMT (95% CI)
A	Nimenrix	Mánuður 1 ⁽¹⁾	225	100% (98,4; 100)	7301 (6586; 8093)	111 ⁽⁵⁾	81,1% (72,5; 87,9)	57,0 (40,3; 80,6)
		Ár 5 ⁽²⁾	98	90,8% (83,3; 95,7)	141 (98,2; 203)	n/a ⁽⁶⁾	--	--
		Ár 6 ⁽³⁾	98	79,6% (70,3; 87,1)	107 (66,0; 174)	90	41,1% (30,8; 52,0)	6,5 (4,8; 8,8)
		Ár 10 ⁽³⁾ (Fyrir örvunarskammt)	73	89,0% (79,5; 95,1)	96,3 (57,1; 163)	62	33,9% (22,3; 47,0)	4,5 (3,3; 6,2)
